

**Ed. 516. Frumvarp til laga [196. mál]**

um breyting á lögum nr. 91/1952, um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 72. löggjafarþingi, 1953.)

**1. gr.**

Aftan við c-lið 3. gr. laganna komi tveir nýir stafliðir svo hljóðandi:

d. Kaffi, óbrenndu eða brenndu og möluðu, sem telst til nr. 1—2 í 9. kafla tollskrár.

e. Sykri, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrár.

**2. gr.**

Annar töluliður 3. gr. laganna orðist svo:

2. Að endurgreiða verzlunum aðflutningsgjöld af birgðum, er þær áttu 22. des. s. l. af vörum þeim, sem taldar eru í d- og e-lið hér á undan. Fjármálaráðherra setur reglur um hvernig haga skuli endurgreiðslunni.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Meðal þeirra ráðstafana, er ríkisstjórnin beitti sér fyrir við lausn vinnudeilunnar í des. s. l. var lækkun verðs á sykri og kaffi. Var sú verðlækkun gerð á þeirri forsendu að felld yrði niður aðflutningsgjöld, þ. e. vörumagns- og verðtollur af vörutegundum þessum. Nauðsynlegt var að verðlækkunin kæmi þegar í stað til framkvæmda, er samningar höfðu tekizt, og varð til þess að svo gæti orðið, að leita heimildar til þess að endurgreiða aðflutningsgjöld af birgðum verzlana af áðurgreindum vörum, enda væri birgðatalning staðfest af hreppstjóra eða trúnaðarmanni verðgæzlunnar.

Til þess að ríkisstjórnin geti staðið við gefin heit er henni nauðsynlegt að fá heimildir þær, er felast í þessu frv.